

Nd.

18. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 51 12. febr. 1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Flm.: Finnur Jónsson, Emil Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sölugengi erlends gjaldeyris skal vera kr. 22.15 — tuttugu og tvær krónur og fimmtán aurar — hvert sterlingspund og annarrar erlendar myntar í samræmi við það.

Ef gengi sterlingspunds breytist þannig, að fleiri eða færri dollarar verði í sterlingspundi en 4.03, skal sölugengi erlends gjaldeyris ákveðast þannig, að sölugengi dollara verði kr. $\frac{22.15}{4.03}$ og sölugengi annars erlends gjaldeyris miðist við það.

2. gr.

Aftan við 1. gr. bætast 2 nýjar greinar, er verði 2. og 3. gr., svo hljóðandi:

a. (2. gr.). Til þess að bæta hönkunum upp þau töp, sem þeir kunna að bíða við það, að gjaldeyrisforði þeirra erlendis lækkar í íslenskum krónum umfram það, sem erlendar skuldir þeirra lækka í íslenskum krónum, skal gera eftirtaldar ráðstafanir:

1. Leggja skal sérstakan eignarskatt á árinu 1942 á eignaaukningu eignarskattsgjaldenda, sem orðið hefur á tímabilinu frá 1. jan. 1940 til 31. des. 1941 og nemur meiru en 75 þús. kr., enda eigi gjaldandi a. m. k. 75 þús. kr. skattskyldar eignir. Skatturinn skal nema 15% af því, sem eignaaukningin er umfram 75 þús. krónur. Skatturinn innheimtist með tekju- og eignarskatti, en ríkisstjórnin greiðir upphæðina til bankanna. Eignaaukning, sem stafar af arftöku eða vinningi í happdrætti Háskóla Íslands, er undanþegin skatti þessum. Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða fleiri en einn gjalddaga og að fresta innheimtu á nokkrum hluta skattsins til ársins 1943.
2. Ríkissjóður greiðir hönkunum upphæð, sem svarar til þess hagnaðar, er hann öðlast vegna gengishækkunarinnar, við það, að erlendar skuldir hans lækka í íslenskum krónum.
3. Ríkissjóður greiðir hönkunum enn fremur þá fjárhæð, sem á kann að skorta, að upphæðir þær, sem í 1. og 2. lið greinir, nægi til þess að bæta hönkunum

90% af því tjóni, sem þeir verða fyrir vegna gengishækkunarinnar, en 10% af tjóninu beri bankarnir sjálfir.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða fjárhæð þessa með ríkisskuldabréfum, er greiðist upp á eigi skemmri tíma en 3 árum. Vextir af bréfum þessum séu hinir sömu og bankarnir fá að meðaltali af erlendum innstæðum á hverjum tíma.

- b. (3. gr.). Meðan samningur um sölu og kaup á islenzkum fiskafla, dags. 5. ágúst 1941, milli Íslands og Stóra-Bretlands er í gildi, skal ríkisstjórnin bæta framleiðendum þess fiskafla, sem seldur er með ákveðnu verði samkvæmt samningnum, það tjón, sem þeir verða fyrir vegna gengishækkunarinnar, enda sé við mat á tjóni þessu einnig tekið tillit til þess hagnaðar, sem þeir kunna að öðlast vegna hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og menn rekur minni til, var sumarið 1938 skipuð millipinganefnd til þess að rannsaka hag og afkomu togaraútgerðarinnar og gera tillögur til viðreisnar henni. Rannsókn þessi sýndi mjög iskyggilega niðurstöðu. Árum saman hafði verið mjög lágt verð á fiski í markaðslöndum vorum, og voru þau einnig sumpart lokuð með mjög ströngum innflutningshöftum. Ofan á þetta bætist alveg óvenjulegt aflaleysi flest árin.

Rannsóknin leiddi í ljós, að þetta allt, ásamt verulegum ágöllum á stjórn ýmissa fyrirtækja, hafði valdið því, að árið 1938 var svo komið hag togaraútgerðarinnar, að algert hrun flestra stærri fyrirtækja blasti við, ef ríkisvaldið gerði ekki öflugar ráðstafanir til viðreisnar.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um, hvaða leiðir væru heppilegastar í þeim efnum. Alþýðuflokkurinn hafði lagt fram tillögur á vorþinginu 1937. Þær miðuðu að því að styrkja þau togarafélögin, sem lífvænleg gætu talizt, en hin, sem ekki áttu fyrir skuldum, skyldi gera upp, steypa saman og endurreisa á nýjum grundvelli. Þessar tillögur fengu ekki nægilegt fylgi kjósenda við kosningarnar 1937, og var sýnt, að þær næðu ekki fram að ganga.

Fulltrúi Alþýðuflokksins í nefndinni, Haraldur Guðmundsson, lagði þar fram tillögur um tekjuöflun ríkissjóðs til þess að gera honum kleift að greiða útflutningsverðlaun til styrktar togaraútgerðinni. Þær tillögur voru felldar. Í nefndinni komu þá einnig fram tillögur um gengislækkun, en náðu eigi heldur meiri hluta. Eigi að síður varð það fljótt ljóst, að ráðamenn í Sjálfstæðis- og Framsóknarflokknum töldu gengislækkun hina einu færri leið til viðreisnar útgerðinni.

Allt til þessa tíma hafði gjaldeyrisafkoman verið mjög erfið. En er orðrómur kom upp um það, að til stæði að lækka gengi krónunnar, keyrði alveg um þverbak. Útflytjendur hættu að afhenda gjaldeyri til bankanna, í von um að græða á gengislækkuninni, og innflytjendur gátu því mjög litinn erlendan gjaldeyri fengið. Varð það til þess að auka á erfiðleikana um innflutning, en birgðir voru mjög litlar í landinu.

Gengislækkunin var þá þegar af þeirri ástæðu óumflýjanleg, auk þess sem sýnt var, að hún var hin eina ráðstöfun til viðreisnar útgerðinni, sem nægilegt fylgi gat fengið hjá stjórnmalaflokkunum. En ef ekkert væri gert, var ekki annað framundan en hrun togarafélaganna og þar af leiðandi ægilegt atvinnuleysi.

Alþýðuflokkurinn hefur jafnan haldið því fram, að til gengislækkunar megi ekki gripa nema í ýtrustu nauðsyn, þegar aðrar leiðir reynast ófærar. Nú taldi hann, að eins og málum var komið, væri ekki um annað að ræða, ef ekki átti að skapast hreint vandræðaástand í landinu, stórfellt atvinnuleysi og jafnvel vöru-

skortur. Lausaskuldir bankanna við erlenda banka voru í apríl 1939 komnar yfir 14 millj. króna og fóru sívaxandi.

Enda þótt gera mætti ráð fyrir, að gengislækkunin mundi bitna allhart á fastlaunamönnum og smásparifjareigendum, taldi Alþýðuflokkurinn ástandið orðið svo alvarlegt og svo mikið í húfi, einnig fyrir þessar stéttir, að ekki væri unnt að komast hjá gengislækkun.

Hann lagði því aðaláherzluna á það tvennt, að allt yrði gert, sem unnt væri til þess að koma í veg fyrir verðhækkun innanlands af völdum gengislækkunarinnar og að tryggja hinum lægst launuðu bætur, ef ekki reyndist samt sem áður unnt að halda verðlaginu niðri, en eins og kunnugt er, tókst það mjög vel allt fram til þess, er núverandi heimsstyrjöld hófst.

Síðan styrjöldin byrjaði, hefur allt viðhorf í gjaldeyris- og gengismálum þjóðarinnar gerbreytzt. Í stað þess, að lausaskuldir bankanna voru í apríl 1939, þegar gengið var lækkað, orðnar á 15. millj. kr., eins og fyrir segir, greiddust þessar skuldir brátt upp að fullu, og við eignuðumst álitlega gjaldeyrisvarasjóði erlendis, sem síðan hafa aukizt með hverjum mánuði. Í stað þess, að togaraútgærdin var komin alveg á vonarvöl, hefur hún grætt svo mjög síðan stríðið byrjaði, að þess eru engin dæmi áður. Hún hefur ekki aðeins getað greitt upp allar sínar skuldir, unnið upp öll töpin, heldur einnig getað safnað milljónasjóðum. Viðhorfið til útgerðarinnar er því allt annað en árið 1939.

Hin mikla aukning á gjaldeyrisforða þjóðarinnar leiddi þó ekki til þess, að gjaldeyrishagur okkar batnaði að sama skapi til þess að byrja með. Þar sem mestur hluti útflutningsins fór til Bretlands, skorti okkur mjög gjaldeyri til þess að kaupa með nauðsynjavörum frá Bandaríkjunum, en þaðan urðum við að fá mikið af nauðsynjavörum, svo sem kornvörur o. fl. Við urðum því að vera upp á Breti komnir með gjaldeyri fyrir þessar vörur, og mun þetta m. a. hafa valdið því, að svo var um samið, að ekki mætti breyta gengi íslenzku krónunnar án þeirra samþykkis. Enda skuldbundu Bretar sig þá til þess að sjá okkur fyrir nauðsynlegum dollurum með föstu gengi.

Eitt af skilyrðum þeim, er ríkisstjórnin setti, er samningar voru gerðir um hvernd Bandaríkjanna, var, að réttur Breta samkvæmt eldri samningum til iðlutunar um gengisskráningu íslenzku krónunnar skyldi niður falla. Nú fyrir skömmu hefur samkvæmt opinberri tilkynningu ríkisstjórnarinnar verið gerður nýr samningur milli Íslands, Bandaríkjanna og Stóra-Bretlands. Í þessum samningi mun þessu skilyrði hafa verið fullnægt.

Einnig að þessu leyti hefur því skapazt nýtt viðhorf í gengismálinu og þar með í dýrtiðarmálunum.

Loks má geta þess, að samkvæmt samningum við áðurnefnd tvö ríki er allur umsaminnt útflutningur til Stóra-Bretlands greiddur í dollurum, auk þeirra dollaraupphæða, sem við fáum vegna dvalar setuliðs Bandaríkjanna. Er því þess að vænta, að ekki verði lengur skortur á gjaldeyri til þess að kaupa vörur frá Bandaríkjunum.

Enginn vafi er á því, að gengishækkun mundi mjög áhrifarík ráðstöfun til þess að halda niðri dýrtiðinni, auk þess sem hún hefur þann kost, að hún er mjög auðveld í framkvæmd, en á framkvæmd flestra annarra dýrtiðarráðstafana eru verulegir örðugleikar.

Gengishækkunin mundi ekki aðeins lækka verðlag á erlendum vörum nú þegar, heldur einnig og ef til vill í enn ríkara mæli hafa áhrif til verðlækkunar smám saman á innlendum afurðum. Er það og einkar heppilegt til þess að vega á móti þeim verðhækkunum, sem munu smám saman verða á erlendum vörum.

Það hefur oftsinnis verið sýnt fram á það, að ein af aðalorsökum dýrtiðarinnar er hin mikla kaupmáttaraukning, sem orðið hefur í landinu vegna hins háa verðs á útflutningsvörum. Í raun og veru er þetta hið sama og að ein af aðalorsökum dýrtiðarinnar sé lággengi íslenzku krónunnar. Ef hin venjulegu mark-

aðslögmál um framboð og eftirspurn á gjaldeyri hefðu ráðið, hefði sterlingspundið hlotið að falla í verði, en íslenzka krónan að hækka að sama skapi miðað við pundið. Gengi krónunnar hefur því í raun og veru verið haldið niðri af hinu opinbera, enda af ýmsum ástæðum ekki hægt annað en að hafa þetta skipulag á þessum málum. Hins vegar verður það að teljast mjög miður farið, að haldið var áfram allt of lengi að kaupa erlendan gjaldeyri fullu verði af útflytjendum, ótakmarkaðar upphæðir stríðsgróða, og yfirfæra þannig kaupgetu þeirra í íslenskar krónur. Afleiðingin hefur orðið mikil aukning verðbólgunnar, auk þess sem bönkunum hefur verið sköpuð mikil áhætta með því og gengishækkun torvelduð.

Áhrif gengishækkunarinnar á dýrtíðina yrðu ekki aðeins hein, þannig að erlendar vörur lækkuðu í verði, heldur einnig óbein, við það að draga mundi úr hinni óeðlilegu kaupmáttaraukningu og verð á innlendum vörum mundi lækka við það, að framleiðslukostnaður minnkar, og til samræmis við útflutningsverðið á sömu vörum, þegar um slíkt er að ræða.

Auk þessara áhrifa má benda á það, að gengishækkun mundi mjög til öryggis og hagsbóta fyrir sparifjäreigendur, og mundi því örva fólk til sparnaðar, en það dregur aftur úr verðbólgunni óbeinlínis. Ein af ástæðunum til þess, að fólk sparar ekki nægilega mikið, en eyðir peningunum jafnóðum og það fær þá, er vantrúin á verðgildi peninganna og ótti um silækkandi peningagildi. Vegna þessa ótta vill fólk koma peningunum í vörur eða fasteignir áður en verðgildi þeirra rýrnar á ný.

Það er því afar mikils virði, ef hægt er að skapa á ný trúna á gildi hins íslenzka verðmælis, auk þess sem það er réttlætiskrafa af hálfu sparifjäreigenda, að spariféð verði ekki gert að engu með sihækkandi verðlagi.

Er þá næst að athuga, hvort nokkrir þeir annmarkar séu á gengishækkun, sem geri hana óframkvæmanlega eða varhugaverða.

Áður var minnt á hinn mikla gjaldeyrisforða bankanna. Ef gengið væri hækk- að, mundu bankarnir verða fyrir meiri töpum en þeir gætu borið af eigin rammleik, þrátt fyrir góða afkomu þeirra undanfarið. Ríkissjóður yrði því að bæta bönkunum tapið af gengishækkuninni. En ekki þýðir að horfa í það. Ef halda ætti dýrtíðinni niðri með fjárfamlögum úr ríkissjóði, hlyti það að kosta stórfé, og væri þó í mörgum tilfellum örðugt að tryggja það, að slík framlög kæmu að fullum notum. En framkvæmd gengishækkunarinnar er mjög auðveld, eins og fyrr var á drepið.

Það er erfitt að gera sér nákvæma grein fyrir því, hve mikið framlag ríkissjóðs þyrfti að vera til þess að bæta töp bankanna samkvæmt ákvæðum frv. Eftir þeim upplýsingum, sem flm. hafa getað aflað sér, virðist mega áætla, að útgjöld ríkissjóðs yrðu um 18 millj. króna, þ. e. kostnaðurinn við þær ráðstafanir, sem stæðu í sambandi við innieignir bankanna erlendis, og er þá tekið tillit til hagnaðarins (í íslenskum krónum) á lækkun skulda ríkissjóðs og bankanna erlendis.

Til þess að gera ríkissjóði kleift að standast þessi útgjöld, leggja flm. til, að lagður verði á sérstakur stríðsgróðaskattur, og sé hann miðaður við eignaaukningu umfram 75 þúsund krónur frá ársbyrjun 1940. Sé skatturinn 15% af ofangreindri eignaaukningu.

Mestöll eignaaukning, sem kæmi undir þennan skatt, stafar af hreinum stríðsgróða, sem að verulegu leyti stafar af því, að bankarnir hafa keypt erlendan gjaldeyri of háu verði.

Samkvæmt uppperð skattstofunnar jukust skattskyldar eignir í Reykjavík einni árið 1940 um 32,5 millj. kr. Þar sem þessi hækkun stafar ekki af hækkun eignamati, er langmestur hluti hennar hreinn stríðsgróði, enda mun megnið af honum skiptast á tiltölulega fá fyrirtæki og einstaklinga. Engin tók eru á því að gera sér grein fyrir eignaaukningunni árið 1941, en að athuguðum öllum fánlegum upplýsingum, telja flm. ekki fjarri sanni, að hinn fyrirhugaði skattur mundi gefa í ríkissjóð um 8-10 millj. kr., eða um helming þess fjár, sem afla þyrfti. Rétt er jafn-

framt að benda á það, að gengishækkunin mundi raunverulega auka eignir þeirra, sem setið hafa að mestum stríðsgróðanum og eiga hann nú sem innstæður í bönkum eða í verðbréfum.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa einnig lagt fram á Alþingi frumvarp um dýrtíðarráðstafanir, og er þar gert ráð fyrir sérstökum dýrtíðarsjóði (sbr. einnig heimildir í nágildandi lögum um dýrtíðarráðstafanir, sem ekki hafa verið notaðar). Ef gengishækkun yrði samþykkt, væri þörfin til framlaga úr dýrtíðarsjóði fyrst um sinn miklu minni, og er því gert ráð fyrir, að dýrtíðarsjóður greiddi allt að 6 millj. króna af þeim útgjöldum, sem gengishækkunin hefði í för með sér fyrir rikissjóð.

Það, sem á vantar, yrði rikissjóður að leggja fram, og gert er ráð fyrir, að hann greiði upp skuld sína við bankana á 3 árum, en vitanlega mætti greiða hana á lengri tíma, ef hentara þætti.

Er þá komið að öðrum meginerfiðleikanum við gengishækkunina, en það er aðstaða nokkurs hluta útflytjendanna og þeirra, sem eiga afkomu sína beinlínis undir því verði, sem fæst fyrir útflutninginn.

Eins og kunnugt er, er í samningnum við Breta gert ráð fyrir föstu verði í pundum á þeim fiski og fiskafurðum, sem samningurinn nær til. Ef gengið væri hækkað, mundi þetta verð því hækka að sama skapi í íslenskum krónum.

Þegar brezk-íslenzki samningurinn var gerður, mun vísitalan hafa verið um 160 stig, en nú er hún komin upp í 183. Hefur því aðstaða hlutarsjómannanna og annarra, sem háðir eru hinu fasta verði samningsins, stórversnað, þar sem lífsnauðsynjar þeirra halda áfram að hækka í verði. Í raun og veru er sífellt verið að lækka kaup þeirra með aðgerðarleysinu í dýrtíðarmálunum og verðhækkunum á landbúnaðarafurðum, sem eiga drýgstan þáttinn í hinum síðustu hækkunum vísitölunnar. Það er því mjög í þágu þeirra, að vöxtur dýrtíðarinnar verði stöðvaður. En þar sem brezki samningurinn bindur verðið á fiskinum til júniloka 1942, er rétt að bæta þeim upp það tjón, sem þeir yrðu fyrir við gengishækkunina. Er því í frv. ákveðið að ríkisstjórnin skuli bæta það að fullu, að frádregnum þeim hagnaði, sem gengishækkunin hefur í för með sér einnig fyrir þessa aðila. Tækist að halda dýrtíðinni niðri og draga úr henni með gengishækkuninni, ættu þeir þá beinlínis að hagnast á gengishækkuninni, miðað við það, sem yrði, ef dýrtíðin héldi áfram að vaxa eins og hingað til.

Nánar í framsögu.